

**154. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn  
26. febrúar 2025 og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**

Valur Richter aðalmaður, Þóra Marý Arnórsdóttir aðalmaður og Halldóra Björk Norðdahl formaður.

**Embættismenn:**

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Smári Karlsson, verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Smári Karlsson, verkefnastjóri.

**Dagskrá:**

**1. Sorphirða og -förgun - útboð 2025 - 2024100021**

Lögð fram drög að greiningu Pure North ehf. á möguleikum Ísafjarðarbæjar varðandi meðhöndlun á lífúrgangi.

*Lagt fram til kynningar. Starfsmanni falið að vinna málið áfram og leggja fyrir næsta fund.*

**2. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2024 - 2024010062**

Lögð fram umsagnarbeiðni úr samráðsgátt stjórnvalda, dags. 5. mars 2024, mál nr. 47/ 69/2024, "Frumvarp um Loftslags- og orkusjóð".

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið óskar eftir umsögnum við drögum að frumvarpi Loftslags- og orkusjóð.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um Orkusjóð nr. 76/2020 og lögum um loftslagsmál nr. 70/2012. Meginhlutverk nýs Loftslags- og orkusjóðs verður að styðja við nýsköpunar- og innviðaverkefni á sviði loftslagsmála, orkunýtingar og hringrásarhagkerfis.

Umsagnarfrestur er til og með 15. mars 2024.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2025 - 2025010004**

Lögð fram tilkynning frá samráðsgátt stjórnvalda, dags. 19. febrúar 2025, þar sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 35/2025, "Breyting á reglugerð um stjórnvaldssektir fyrir brot á efnalögum".

Umsagnarfrestur er til og með 12. mars 2025.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00**

---

Valur Richter

---

Þóra Marý Arnórsdóttir

---

Halldóra Björk Norðdahl

---

Axel Rodriguez Överby

---

Smári Karlsson